

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jónsson f. h. Inger Laxdal, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Eiríkssonar, í máli þessu.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. júní 1955.

Nr. 155/1954. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Jóhanni Símonarsyni

og

Sigurgeiri Jóhannssyni (Hermann Jónasson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákæra um brot á laxveiðilögum. Ömerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með ákæruskjali, útgefnu í Dómsmálaráðuneytinu 19. febrúar 1954, var mál þetta höfðað á hendur hinum ákærðu Jóhanni Símonarsyni, bónda að Litlu-Fellsöxl, og Sigurgeiri Jóhannssyni, s. st., „fyrir að hafa s.l. sumar“ (þ. e. 1953) „og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilmannahreppi fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á mótí straumi og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á mótí straumi, svo að í veiðitækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósunum. Teljast brot þessi varða við 4. tl. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.“

Eins og sjá má af ákæruskjali þessu, sem skylt var að greina í héraðsdómi, en er þar aðeins að litlu leyti getið, eru hinir ákærðu saksóttir fyrir ólöglega veiði með fleiri en einu veiðitæki á árunum 1942—1953. Af prófum málsins má sjá, að átt muni vera við tvær laxveiðigirðingar, aðra fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og hina fyrir landi Fellsaxlarkots.

Gerð veiðigirðingarinnar fyrir landi Litlu-Fellsaxlar hefur verið lýst í prófum málsins, en ekki hefur hún verið teiknuð inn á uppdrátt af veiðisvæðinu, er sýni legu hennar og afstöðu til Urriðaár, sbr. ákæruskjalið. Eins og atvikum málsins er háttað, hefði og átt að leita álits veiðimálastjóra og Veiðimálanefndar um veiðigirðinguna og lögmæti hennar og kveðja sérfróða menn til að dæma málið ásamt héraðsdómara.

Að því er tekur til veiðigirðingarinnar fyrir landi Fellsaxlarkots, þá hefur ákærði Jóhann getið þess í þinghaldi 30. ágúst 1953, að veiðitæki þetta sé til. Einnig hefur verið lögð fram ein ljósmynd af veiðigirðingu þessari, sem tekin var sama dag, 30. ágúst 1953, og lýsir veiðimálastjóri myndinni í bréfi til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. janúar 1954. Að öðru leyti hefur ekki verið aflað neinnar fræðslu um veiðitæki þetta í prófum málsins og hinir ákærðu ekkert verið um það spurðir. Í héraðsdómi er veiðitækið dæmt ólöglegt, en því ekki að neinu leyti lýst, í hverju ólögmæti þess sé fólgið.

Þar sem prófum málsins og dómi er svo áfátt, sem að framman getur, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun

skipaðs verjanda ákærðu í héraði, Jóhannesar Elíassonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Hermanns Jónassonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. maí 1954.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Jóhanni Símonarsyni, bónda á Litlu-Fellsöxl, og Sigurgeiri Jóhannssyni, sama staðar, með ákæruskjali, útgefnu 19. febrúar 1954, fyrir brot gegn 4. tölulið 30. gr., sbr. b-lið 89. gr., laga nr. 112 frá 1941 um lax og silungsveiði.

Ákærði Jóhann Símonarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Bakkakoti í Skorradal 15. júlí 1881, og hefur hann sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1935 10/7 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á laxveiðilöggjöfinni.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson er einnig kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. júní 1919, og hefur hann eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 20. júní 1953 kærði veiðieftirlitsmaður Gestur Kristjánsson í Borgarnesi yfir því, að ákærði Jóhann Símonarson hefði sett upp laxveiðivél fyrir landi jarðar sinnar, Litlu-Fellsaxlar, og snúið inn-gangi hennar móti straumi, enda þótt eftirlitsmaðurinn hefði bent honum á, að það væri ólöglegt.

Fyrir sakadómi viðurkenndi ákærði Jóhann Símonarson, að hann hefði allt frá árinu 1917, er hann flutti að Litlu-Fellsöxl, stundað lax- og silungsveiði fyrir landi jarðarinnar. Kveðst hann fyrst fram-an af eingöngu hafa veitt í netjalagnir, en eftir 1942 hafi hann notað til veiðanna girðingar með veiðikró. Sumarið 1953 kveðst hann hafa haft girðingu með veiðikró fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og aðra fyrir landi Fellsaxlarkots. Þá segir hann, að sonur sinn Sigurgeir hafi aðallega stundað veiðarnar fyrir sig. Loks segir hann, að gerð veiðigildra þeirra, er hann hafi starfrækt, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi lagt girðingu frá landi, og ofanvert við enda hennar hafi verið veiðikró, og hafi op hennar snúið að landi.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson hefur fyrir sakadómi viðurkennt, að hann hafi starfrækt laxveiði fyrir föður sinn í laxveiðigildrur þær, er hann hafi haft fyrir löndum jarðanna Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots. Neitar hann því, að op veiðikrónna hafi snúið móti straumlinu Urriðaár, því að þau hafi snúið upp að landi. Hins vegar segir hann, að opin séu fyrir ofan girðingarnar, og viðurkennir, að lax sá, er veiðist í gildrurnar, sé að ganga með landinu, eftir að hafa farið inn fyrir girðingarnar.

Verjandi ákærðu krefst þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing þeirra verði látin niður falla samkvæmt 3. tölul. 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Kröfu sína um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar byggir verjandi á því, að hann hafi eigi verið eigandi veiðitækja þeirra, er mál þetta er risið út af, heldur starfrækt þau fyrir föður sinn og á hans ábyrgð.

Sýknukröfu vegna ákærða Jóhanns Símonarsonar byggir verjandi á því, að veiðigildrur hans hafi eigi, svo sem í ákæruskjalinu segir, verið í ósi við Urriðaá, heldur á leirusvæði árinna. Séu þær því á þurru um fjöru. Þá sé eigi um að ræða hjá þeim straum af völdum árinna, heldur af völdum sjávarfalla. Loks telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðigildrur ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirár-voginn.

Varakröfu sína byggir verjandi ákærðu á því, að veiðieftirlitsmanni og Veiðimálanefnd hafi um lengri tíma verið kunnugt um starfrækslu veiðigildranna og á hvern hátt þær voru gerðar, en þó ekkert aðhafzt til að stöðva starfrækslu þeirra. Telur hann, að ákærði hafi af þessu getað dregið þá ályktun, að gildrurnar væru þannig gerðar, að eigi færi í bága við landslög.

Rétturinn verður að líta svo á, að ekkert sé framkomið í málinu, er bendi til þess, að ákærði Sigurgeir Jóhannsson hafi átt veiðigildrur þær, er mál þetta er risið út af, heldur hafi hann aðeins starfrækt þær fyrir föður sinn eftir hans fyrimælum.

Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu, og skulu málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00, greidd úr ríkissjóði.

Af réttarins hálfu verður að skýra ákvæði 4. töluliðs 30. gr. laxveiðilaganna þannig, að bann sé lagt við því, að op veiðikróar eða leiðari frá girðingu vísi gegn straumi þeirrar ár, er veiðigildran er í, og það jafnt þótt hún sé á leirusvæði árinna. Verður þetta einkum ljóst, ef athuguð er síðasta málsgrein töluliðsins, þar sem segir, að með þessu ákvæði eigi að koma í veg fyrir, að í veiðigildruna veiðist fiskur, sem er að ganga úr á eða árósi. En það er viðurkennt af ákærða Sigurgeiri Jóhannssyni, enda sýnilegt af uppdrætti af veiðigildrum þeim, er mál þetta er risið út af, að í þær veiðist aðeins lax, er farið hefur inn fyrir girðingarnar og er að ganga út með landinu.

Samkvæmt þessu verður að telja, að veiðigildrur þær, er ákærði Jóhann Símonarson starfrækti s.l. sumar fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots á leirusvæði Urriðaár hafi verið ólögleg veiðitæki, og að ákærði hafi með starfrækslu þeirra gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmanns og Veiðimálanefndar gagnvart veiðigildrum

ákærða um lengri tíma hafi getað orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrott, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli falla niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Dómsorð:

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson, Litlu-Fellsöxl, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Refsing ákærða Jóhanns Símonarsonar, bónda á Litlu-Fellsöxl, falli niður.

Ákærði Jóhann Símonarson greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400.00 — fjögur hundruð — krónur. Þá greiðist úr ríkissjóði laun skipaðs verjanda Sigurgeirs Jóhannssonar, 400.00 — fjögur hundruð — krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða Jóhanns Símonarsonar skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðar-sýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. júní 1955.

Nr. 154/1954. Ákæruvaldið (Hermann Jónsson)

gegn

Gísla Gíslasyni (Hermann Jónasson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákæra um brott gegn laxveiðilögum. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 19. febrúar 1954, var mál þetta höfðað á hendur ákærða, Gísla